

## **Samþykktir fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.**

### **Nafn, lögheimili og tilgangur félagsins**

#### **1. gr.**

Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar eiga og reka saman, sameignarfélag með ótakmarkaða ábyrgð undir nafninu Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s.f. (Suðurnes Incinerator Authority) skammstafað S.S. Heimili þess og varnarþing er í Reykjanesbæ.

#### **2. gr.**

Tilgangur félagsins er að eiga og reka Kólku Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Ennfremur að annast alla sorpeyðingu og sorphirðu í sveitarfélögunum og önnur verkefni sem sveitarfélögin kunna að fela félaginu. Um starfsemina fer eins og kveðið er á um í samþykktum um sorphreinsun og sorpeyðingu á Suðurnesjum.

### **Ábyrgðir og hlutdeild eignaraðila**

#### **3. gr.**

Kostnaði við uppbyggingu þjónustubátta svo og rekstrarkostnaði, að frádregnum tekjum skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi miðað við 1. desember næstliðið ár.

#### **4. gr.**

Eignaraðild sveitarfélags er í réttu hlutfalli við framlag þess til rekstrar og eignabreytingarliða sbr. 3. gr. hér að framan. Skrá skal eignarhlut sveitarfélags í ársreikning félagsins hverju sinni.

#### **5. gr.**

Eigendur bera saman óskipta ábyrgð á skuldbindingum félagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin sbr. 4. gr. hér að framan.

### **Stjórn félagsins**

#### **6. gr.**

Stjórnarmenn skulu tilnefndir á aðalfundi eða félagsfundi. Stjórn félagsins, sem annast málefni þess á milli funda, skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara, sem tilnefndir

af sveitarstjórnnum, þrjár frá Reykjanesbæ, einn frá hverri hinna, og jafnmargir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum eftir hvern aðalfund. Stjórninni er heimilt að ráða félaginu framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri til staðar, ræður hann aðra starfsmenn félagsins. Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir félagið.

#### **7. gr.**

Stjórnin ræður málefnum félagsins milli funda en skylt er að kalla saman fund ef ein eða fleiri sveitarstjórnir óska þess. Allar meiriháttar fjárskuldbindingar skulu leggjast fyrir sveitarstjórnirnar.

### ***Aðalfundur og endurskoðunarákvæði***

#### **8. gr.**

Aðalfund skal að jafnaði halda í aprílmánuði ár hvert, en síðar þau ár sem fram fara sveitarstjórnarkosningar. Aðalfund skal boða bréflaga með dagskrá með minnst viku fyrirvara og telst hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til fundarsetu eiga allir kjörnir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, framkvæmdastjóri og stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri S.S.S. Atkvæðisrétt hafa þó einungis kjörnir sveitarstjórnarmenn. Hverju sveitarfélagi er heimilt að óska eftir félagsfundi. Rétt til fundarsetu á félagsfundi hafa sömu aðilar og hafa rétt til fundarsetu á aðalfundi.

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár
2. Reikningar félagsins fyrir liðið reikingsár skulu lagðir fram til lokaafgreiðslu. Þeir skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
3. Tilnefning í stjórn.
4. Kosning löggilts endurskoðanda.
5. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.
6. Önnur mál er varða starfsemi félagsins.

#### **9. gr.**

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Stjórn félagsins skal fyrir 30. nóvember ár hvert semja fjárhagsáætlun og senda síðan stjórn S.S.S. til meðferðar.

#### **10. gr.**

Hver eignaraðili getur óskað eftir endurskoðun á samþykktum þessum.

Samþykktir SS með innfærðum breytingum, samþykktum á aðalfundi félagsins í Reykjanesbæ þann 27. apríl 2012.